

**Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um hausthreppaskila- 68**  
**þing í Torfalækjarhreppi. 30. apríl**

Samkvæmt þarum framkominni beiðni hreppstjórans í Torfalækjarhreppi fyrir hönd nokkurra búenda í hreppnum og tillögum sýslunefndarinnar í Austur-Húnavatnssýslu veitir stjórnarráðið hérmeð samþykki sitt til þess, að framvegis megi halda hausthreppaskilaþing fyrir Torfalækjarhrepp á hinum forna þingstað hreppsins, Torfalæk.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Bréf stjórnarráðsins til biskups um breyting á launakjörum nokkurra presta. 69**  
**4. maí**

Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, og ósk hlutaðeigenda hefir stjórnarráðið fallist á að eftirnefndir prestar frá fardögum 1910 að telja taki laun sín eftir lögum 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta:

A. Í fyrsta launaflokki (1700 kr.).

1. Síra Þorleifur Jónsson á Skinnastað.
2. Síra Jón Jónsson á Stafafelli.

B. Í öðrum launaflokki (1500 kr.).

1. Síra Ólafur Magnússon í Arnarbæli.
2. Síra Jóhann L. Sveinbjarnarson á Hólmum.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

**Bréf stjórnarráðsins til forstöðunefndar utanþjóðkirkjusafnaðarins í Gaulverja- 70**  
**bæjarsókn um rýmkun á takmörkum safnaðarsvæðis utanþjóðkirkjusafnaðarins. 24. maí**

Með bréfi, dags. 9. f. m., hafið þér skýrt frá, að menn úr nágrannasóknunum hafi óskað eftir því að ganga í utanþjóðkirkjusöfnuðinn í Gaulverjabæjarsókn, og hafið þér því farið þess á leit, að safnaðarsvæðið væri rýmkað þannig, að menn úr nágrannasóknunum megi ganga í utanþjóðkirkjusöfnuðinn.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir söfnuðinum, að stjórnarráðið samþykkir að takmörk safnaðarsvæðisins nái auk Gaulverjabæjarsóknar yfir Villingaholts og Stokkseyrarsóknir.

**Bréf stjórnarráðsins til biskups um ákvæði um inn- og úrsagnir manna milli 71**  
**utanþjóðkirkjusafnaða og þjóðkirkjusafnaða að því er gjaldskyldu snertir. 28. maí**

Með bréfi, dags. 3. þ. m., hafið þér, háæruverðugi herra, vakið máls á því að nauðsyn beri til að setja alment ákvæði um inn- og úrsagnir manna milli utanþjóðkirkjusafnaða og þjóðkirkjusafnaða að því er gjaldskyldu snertir.